

**Nr. 120 / 15 Herjólfur*****Ammoníakleki í höfn***

Skipaskr.nr. 2164 IMO nr. 9036088  
Smíðaður: Noregi 1992, stál  
Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt  
Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m  
Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m  
Vél: Man B&W 5400 kw, 1992  
Áhöfn: 12  
Farþegar:



Herjólfur©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. apríl 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 28. október 2015 var Herjólfur við bryggju í Vestmannaeyjum.

Við lestun var verið að taka um borð um skuthurð stálgeymi á fleti. Rakst hann upp undir bílalyftu með þeim afleiðingum að stútur á tanknum brotnaði og megn ammóníak lykt barst frá honum. Geymurinn var ekki merktur þannig að hann innihéldi hættuleg efni og fram kom að litið hefði verið á hann sem tóman og hreinan. Skipið var þegar í stað rýmt, slökkvilið kallað til og skipið loftræst.

**Við rannsókn kom fram:**

- að vakthafandi stýrimanni hafði verið sagt af sendanda að tankurinn væri tómur og hreinn og því ekki merktur hættulegur vegna þess;
- að ekki lá fyrir vitneskja um að tankurinn væri í yfirhæð;
- að tankurinn var á fleti á milli gáma o.þ.a.l. hefði ekki sést að um væri að ræða yfirhæð og einhver hætta á að hann rækist upp undir;
- að fram kom að rýming skipsins hefði gengið vel og skipverjar notuðu reykköfunartæki til að opna skipið til að loftræsta það;
- að ekki er heimilt að flytja ammóníak með Herjólfu;
- að eftir atvikið var verklagi breytt þannig að hreinsun tanka færi eftir skriflegum verklagsreglum.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.